

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

**Sendandi:** Bílastæðasjóður

---

### *Fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar um gjaldskyldu í bílastæðahúsum*

*Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks þann 4. mars 2021 vildi nefndin beina fyrirspurn til Bílastæðasjóðs um hvaða heimildir séu fyrir hendi til þess að rukka handhafa P-korta um gjald vegna notkunar á bílastæðum í bílastæðahúsum. Óskað var útskýringa á hvernig gjaldtaka í þessum tilfellum samræmist 87. grein umferðarlaga þar sem segir að handhafa stæðiskorts sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu.*

Svar við fyrirspurn:

Í ákvæði 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. áður samhljóða ákvæði 2. mgr. 83. gr. eldri umferðarlaga nr. 50/1987, greinir að sveitarstjórn sé heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar og að reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfi samþykki lögreglustjóra.

Á grundvelli heimildarinnar voru í febrúar 1988 settar reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku. Í 1. gr. reglnanna kemur fram að borgarráð ákveði, að fengnum tillögum frá umferðarnefnd, hvar á götum og opnum svæðum skuli setja upp stöðumæla. Þá segir m.a. í 3. gr. reglnanna að borgarráð ákveði gjald fyrir stöðu ökutækis á stöðumælareit og hvað ökutæki megi standa lengi samfellt, sem og á hvaða tíma gjaldskylda er. Reglurnar taka því til stöðureita á götum og opnum svæðum í borgarlandinu og gjaldskylda þar sett og ákvörðuð á grundvelli þeirra, þ.e. gjaldsvæði, gjaldskyldutími og kostnaður við að leggja á hverju gjaldsvæði. Eftirlit er haft með gjaldskyldum bifreiðastæðum á götum og opnum svæðum og ef ekki er greitt fyrir afnot þeirra eru lögð á svokölluð aukastöðugjöld, sbr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þann 1. mars 1988 var, að hluta til með vísan til fyrrgreindrar heimildar í 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sett Samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjavíkur. Í V. kafla samþykktarinnar er fjallað um rekstur bílastæða og gjaldtöku fyrir notkun þeirra, en í VI. kafla hennar er fjallað um byggingu og rekstur bílastæðahúsa og bílskýla. Í 17. gr. samþykktarinnar greinir m.a. að fjárhæð bílastæðagjalds fari eftir samþykkt borgarstjórnar á hverjum tíma. Þar kemur einnig fram að bílastæðagjöldum skuli varið til þess að kosta gerð og rekstur bílastæða, bílastæðahúsa og bílskýla. Þá segir í 20. gr. samþykktarinnar að notendur bílastæðahúsa og bílskýla bílastæðasjóðs skuli greiða leigu fyrir notkun þeirra samkvæmt gjaldskrá sem borgarráð ákveður og að leigan renni í bílastæðasjóð. Það er því ljóst að greinarmunur er gerður á því hvort um sé að ræða bifreiðastæði á götum og opnum svæðum eða bifreiðastæði í bílastæðahúsum.

Með ákvæði 78. gr. a í eldri umferðarlögum nr. 50/1987, sbr. 6. mgr. 87. gr. nógildandi umferðarlaga, var ráðherra fengin heimild til að setja reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þ.á.m. reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana. Á þeim grundvelli var reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorta sett. Í reglugerðinni kemur fram í 1. gr. að stæðiskort veiti handhafa þess heimild, í tengslum við flutning hans í ökutæki til að leggja ökutækinu í bifreiðastæði (stöðureit) sem eingöngu er ætlað fyrir hreyfihamlaðan einstakling og auðkennt er með þar til gerðu umferðarmerki, sbr. reglugerð um umferðarmerki, eða með öðrum sambærilegum hætti. Þá greinir einnig að handhafa stæðiskorts sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu.

Eins og fyrr greinir er heimild sveitarstjórnnum til handa til að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar í ákvæði 2. mgr. 86. gr. nógildandi umferðarlaga. Í undantekningarákvæði 2. mgr. 87. gr. laganna er svo kveðið á um að handhafa stæðiskorts sé jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu, en ákvæði þetta fól í sér lögfestingu á samhljóða ákvæði í reglugerð nr. 1130/2016. Orðalag ákvæðis 2. mgr. 87. gr. verður að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 86. gr. sömu laga, þ.e. að ákvæðin eiga við um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir slíka reiti á landi í umráðum sveitarfélagsins.

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að umrædd undanþága 2. mgr. 87. gr. á eingöngu við um gjaldskyld stæði á landi í umráðum sveitarfélagsins, þ.e. á götum og opnum svæðum, en ekki um bifreiðastæði í bílahúsum. Reglur um gjaldtöku á götum og opnum svæðum eru settar með stoð í umferðarlögum, en gjöld fyrir afnot af bifreiðastæðum inni í bílahúsum ekki. Bifreiðastæði í bílahúsum falla þannig ekki undir gjaldskyld bifreiðastæði á götum og opnum svæðum. Auk þess hafa stöðuverðir ekki eftirlit með þeim, líkt og með gjaldskyldum stæðum á götum og opnum svæðum, þar sem aðgengi að bílastæðahúsunum er takmarkað og stjórnað með hliðum.

Gjaldtaka fyrir afnot af bílastæðahúsum er ekki skattlagning eða innheimta þjónustugjalda sem byggir á lagaheimildum og sjónarmiðum opinbers réttar. Gjaldtakan byggir á innheimtu endurgjalds á einkaréttarlegum grunni hjá þeim aðilum sem kjósa að hagnýta sér fasteignir sem nýttar eru sem bílastæðahús og fær stoð í Samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjavíkur og gjaldskrá á grundvelli hennar.

Í kjölfar erindis sem sent var f.h. Öryrkjabandalags Íslands til Reykjavíkurborgar vegna gjaldtöku í bílastæðahúsum var ákveðið að óska eftir álit frá óháðum aðila og fékk Reykjavíkurborg Forum lögmenn til þess að vinna fyrir sig minnisblað um málið. Meðfylgjandi er minnisblað Forum lögmanna – Stefáns Geirs Þórissonar hrl., dags. 26. nóvember 2020, og vísast að auki til þess er þar greinir.

Virðingarfyllst,  
Rakel Elíasdóttir  
deildarstjóri reksturs Bílastæðasjóðs

Hjálagt:

1. Minnisblað Forum lögmanna, dags. 26. nóvember 2020.